

Fundargerð frá starfsdegi stjórnar
Staðsetning: Háskólinn í Reykjavík.
25.maí 2022 kl. 12:20-15:45



Þátttakendur 25. maí 2022:

Auður Daníelsdóttir, Baldur Vignir Karlsson, Gunnhildur Arnardóttir, Haraldur Bjarnason, Lilja Gunnarsdóttir, Sigríður Harðardóttir, Stefán Hrafn Hagalín

Fjarverandi: Ósk Heiða Sveinsdóttir, Falasteen Abu Libdeh, Laufey Guðmundsdóttir.

Dagskrárliðir

- 1. Samskiptasáttmáli.** Fundurinn hófst með því að Sigríður Harðardóttir formaður stjórnar Stjórnvísí bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá og markmið fundarins. Formaður Stjórnvísí kynnti hugmynd að samskiptasáttmála stjórnar 2022-2023 þar sem m.a. var rætt um að: 1. Mæta undirbúin á stjórnarfundi 2. Mæta tímalega 3. Taka ábyrgð á verkefnum 4. Hafa uppbyggilega gagnrýni 5. Samskipti opin og eðlileg 6. Vera á staðnum.
- 2. Yfirferð á lögum og siðareglum.** Sigríður hvatti stjórnarmenn til að líta í sumar yfir lögina og siðareglurnar. Á fyrsta fundi stjórnar í haust verður farið yfir lögina og skoðað hvort einhverju skuli breyta og það sama á við um siðareglurnar. Í framhaldi kynntu stjórnarmenn sig með því að **segja örstutt frá sér.** Einnig urðu umræður um hvar stjórn vill eiga samskipti og var ákveðið að halda áfram að eiga samræður í tölvupóstum, á facebook undir: „Stjórn Stjórnvísí“ og á Teams.
- 3. Rýni á stefnu Stjórnvísí.** Þórunn M. Óðinsdóttir fyrrverandi formaður Stjórnvísí og lean sérfræðingur með meiru fór yfir framtíðarsýn, stefnu og gildi Stjórnvísí.
 - Miklar umræður urðu um orðið „**stjórnun**“ hvað felst í hugtakinu „stjórnun“. „Hlutverk Stjórnvísí er að efla gæði stjórnunar á Íslandi með því að skapa hvetjandi vettvang fyrir þekkingarmiðlun“. Ákvörðun tekin um að heyra í faghópunum í haust varðandi hugtakið „stjórnun“ sem er alltaf að breytast. Ætti að bæta aftan við orðið stjórnun „**og faglegrar starfsemi**“?.
 - Hlutverk Stjórnvísí: Efla gæði **stjórnunar á Íslandi** með því að skapa hvetjandi vettvang fyrir þekkingarmiðlun. Tekin var sú ákvörðun að breyta orðalaginu: „**Við eflum** gæði stjórnunar á Íslandi með því að skapa hvetjandi vettvang fyrir þekkingarmiðlun“.
 - Stjórn var sammála um að framtíðarsýn félagsins 2021-2025 væri skýr „Að vera drifkraftur í umræðu um faglega stjórnun meðal félagsmanna auk þess að vera eftirsóttur valkostur í þekkingarleit, miðlun og tengslamyndun. Þessu var einnig breytt í: „**Við erum** drifkraftur í umræðu um faglega stjórnun meðal félagsmanna auk þess að vera eftirsóttur valkostur í þekkingarleit, miðlun og tengslamyndun.“
 - Eitt af þrem gildum félagsins er **Framsækni**: Við sækjum fram af krafti og horfum til nýjustu strauma og stefna í **faglegri stjórnun**. Spurning með að þróa þetta áfram m.a.v. hlutverkið okkar. Í undirmarkmiðum var ákveðið að breyta eftirfarandi:

- Framkvæmdastjóri félagsins hefur leiðtogahæfileika, er **sýnilegur** og virkur – verður eftir breytingu: „Er **styðjandi** og virkur“.
 - Stjórnin efli og viðhaldi trausti á félagið með fagmennsku að leiðarljósi og starfi skv. stefnu félagsins. Breyta í „**Stjórn** félagsins“
 - Stjórnvísir er leiðandi vettvangur umræðu um faglega **stjórnun** - Skoða orðið „stjórnun“ í samræmi við hlutverk.
 - Stjórnvísir þróast í takt við síbreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna og atvinnulífsins Breyta í: Stjórnvísir þróast í takt við síbreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna, atvinnulífsins **og samfélagsins**.
 - Stjórnvísir er **aðlaðandi** og sýnilegur vettvangur umfjöllunar um faglega stjórnun, miðlun þekkingar og reynslu - breyta í „**áhugaverður**“
 - Virkni allra faghópa sem skráðir eru á vefsíðu félagsins Breyta í: Virkni allra faghópa er skráð á vefsíðu félagsins.
 - Fagmennska er ávallt höfð að leiðarljósi í öllum okkar störfum. Taka út punktin fyrir aftan setninguna.
 - **Einnig þykir stjórn mikilvægt að hvetja alla faghópa til að minnast á tengslanet í upphafi allra funda.**
4. **Áætlun og lykilmælikvarðar.** Áætlun félagsins stenst og eru tekjur komnar yfir áætlun. Áætlun félagsins er uppfærð reglulega allt árið og er aðgengileg í Sharepoint.
 5. **Farið var yfir aðgang stjórnar að Sharepoint,** Teams, Facebook og skráning stjórnar í faghópinn „stjórn Stjórnvísir“.
 6. **Þema ársins 2022-2023** Nýkjörin stjórn kom með fjölda hugmynda að þema ársins. Niðurstaðan var sú að stjórn sammæltist um að þema ársins yrði „**GRÓSKA**“. Farið verður betur yfir útfærsluna í haust. Varaformaður Stjórnvísir var kosinn Stefán Hrafn Hagalín og ritari Gunnhildur Arnardóttir.
 7. **Áhersluverkefni starfsársins verða þrjú: (sjá mælikvarða neðar í fundargerð).**
 - **Ásýnd og vöxtur** - Stefán, Haraldur, Ósk Heiða
 - **Stuðningur við stjórnir faghópa** - Lilja Gunnarsdóttir, Auður, Falasteen
 - **Útrás/gróska** - Baldur, Laufey, Sigríður
 8. **Kynning á reglubundnum verkefnum stjórnar**
 - Tímasetning var ákveðin á helstu viðburðum Stjórnvísir og þeir settir inn á dagatal félagsins.

Ágúst 2022: Fyrirmyndarfyrirtæki ársins viðurkenningarathöfn (Nauthóll hádegisverður)

Ábyrgðaraðilar: Gunnhildur og Jón Gunnar Borgþórsson

Ágúst 2022: Kick off fundur

Hvar: Nauthóll, Gróska og/eða beint streymi.

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur, Sigríður.

September 2022

Þann 1. september verður haustdagskrá Stjórnvísí send út á alla aðila

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Október 2022

Haustráðstefna Stjórnvísí - fimmtudagur 7.10.2022

Þema GRÓSKA – sent verður á milli í sumar hugmyndir að fyrrirlesturum.

Ábyrgðaraðilar: Gunnhildur, Laufey, Stefán Hrafn, Haraldur, Baldur.

Október/nóvember 2022

Fundur með fagraði

Ábyrgðaraðilar: Gunnhildur og Sigríður

Janúar 2023

5. janúar. Nýársfagnaður –

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Hvar: Marel

Efni verður valið á Kick off fundinum í ágúst. Stjórnir faghópanna ákveða hvaða efni er brýnast. Athuga hvort Marel vilji bjóða heim.

Janúar 2023

Íslenska ánægjuvogin 2022 afhent 13. janúar 2023.

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Feb/mars 2023

Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2023

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Tímabil: Haldin á tímabilinu 14.febrúar 2022

Þema: GRÓSKA

Apríl/maí 2023

Aðalfundur faghópa

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Maí 2023

Aðalfundur Stjórnvísí

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Maí 2023

Stjórnarskiptafundur:

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Júní 2023

Samfélagsskýrsla ársins afhent. Samstarfsverkefni Festu, Stjórnvísi og Viðskiptaráðs Íslands.

8.júní 2023

Ábyrgðaraðili: Gunnhildur

Ágúst 2023

Fyrirmyndarfyrirtæki 2022.

Ábyrgðaraðilar: Gunnhildur, Jón Gunnar

Tímabil:

- Fundartími og staðsetningu stjórnarfunda. Niðurstaðan var sú að **stjórnarfundir verða haldnir fyrsta þriðjudag í mánuði kl.11:00-12:00**. Stjórn mun skiptast á að bjóða heim, ef eitthvað kemur upp á er alltaf hægt að halda fundi í Innovation House og á Teams. Ef áhugi er að bjóða í mat eða skoðunarferð um vinnustað gestgjafa er það gert um leið og fundi lýkur kl.12:00.
 - Ágúst Kringlukuráin
 - September Teams
 - Október Grand Hótel (í beinu framhaldi af haustráðstefnu)
 - Nóvember Teams
 - Desember Vox
 - Janúar Teams
 - Febrúar Háskólinn í Reykjavík
 - Mars Teams
 - Apríl Innovation House
 - Maí Teams
- Kosning varaformanns og ritara næsta starfsár
 - Varaformaður er Stefán Hrafn Hagalín
 - Ritari er Gunnhildur Arnardóttir

Sigríður kynnti áhersluverkefni síðustu ára.

2016-2017

- Fagna 30 ára afmæli.
- Innviðir félagsins og heimasíða og stjórnun
- Markaðsmál og sýnileiki
- Tengslamyndun, viðburðir og samstarf

2017-2018

- Varðveita sögu félagsins

- Markaðsmál og vefur
- Stuðningur við stjórnir faghópa
- Mælingar og starfsemi félagsins

2018-2019

- Markaðsmál
- Stuðningur við stjórnir faghópa
- Heimasíða
- Mælaborð

2019-2020

- Stefnumótun 2020-2025
- Sölu of markaðsmál
- Stuðningur við stjórnir faghópa

2020-2021

- Markaðsmál og sýnileiki
- Stuðningur við stjórnir faghópa
- Samstarf við aðra um jafningjafræðslu
- 2021-2022
 - Markaðsmál og sýnileiki
 - Stuðningur við stjórnir faghópa
 - Útrás
- 2022-2023 **GRÓSKA**
 - Ásýnd og vöxtur
 - Stuðningur við stjórnir faghópa
 - Útrás

2022-2023 (þrjú áhersluverkefni – í hverju felast þau – mælikvarðar)

oo= rauntíma mælaborð á síðu Stjórnvísí www.stjornvisi.is

ooo= [mælt árlega í viðhorfskönnun til félagsmanna](#)

- **Ásýnd og vöxtur - Stefán Hrafn, Haraldur, Ósk Heiða.**
 - Fjölgun fyrirtækja oo
 - Fjölgun fyrirtækja með 200 eða fleiri starfsmenn oo
 - Fjölgun fyrirtækja með 100-199 starfsmenn oo
 - Fjölgun á heildarfjölda notenda (innri markaðssetning fyrirtækja) oo

- iii. Fjölgun virkra félaga oo
- iv. Fjölgun nýrra virkra félaga oo
- v. Aukning á nýskráningum í mánuðinum oo
- vi. Fjölgun nýrra háskólanema oo
- vii. Fagmennska sé ávallt höfð að leiðarljósi í öllum störfum ooo
- viii. Stjórnin efli og viðhaldi trausti á félagið með fagmennsku að leiðarljósi og starfi skv. stefnu félagsins ooo
- ix. Stjórnvísí sé áhugaverður og sýnilegur vettvangur umfjöllunar um faglega stjórnun, miðlun þekkingar og reynslu ooo
- x. Stjórnvísí þróist í takt við við síbreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna og atvinnulífsins ooo
- xi. Framsæknir og hæfir einstaklingar starfi af heilindum fyrir félagið ooo
- xii. Framkvæmdastjóri félagsins hafi leiðtogahæfileika, sé styðjandi og virkur ooo

- **Stuðningur við stjórnir faghópa Lilja, Auður, Falasteen**

- i. Fjölgun viðburða oo
- ii. Fjölgun félaga á fundum oo
- iii. Aukning á virkni faghópa oo
- iv. Aukning á félagafjölda í faghópum oo
- v. Aukning á virkum fyrirtækjum oo
- vi. Viðburðir séu sýnilegir og auglýstir tímanlega ooo
- vii. Hækkun á NPS skori oo
- viii. Félagar upplifi sig auðugri af þekkingu um stjórnun og leiðtogafærni ooo
- ix. Félagar öðlist aukið tengslanet með þátttöku í félaginu ooo
- x. Ábendingar eigi sér skýran farveg ooo
- xi. Stöðugt sé unnið að umbótum ooo
 - 1. Í upphafi hvers fundar bendi ábyrgðaraðilar á að eftir fundinn verði send út stutt könnun. Allir hvattir til að gefa sér örstutta stund og svara. Þar er tilvalið að koma með ábendingu um hvað betur má fara.
- xii. Stjórn sé í reglulegu og góðu sambandi við stjórnir faghópanna ooo
- xiii. Verkferlar félagsins fyrir stjórnir faghópa, faghópafundi og ráðstefnuhald eru skráðir og unnið eftir þeim. ooo
 - 1. Myndbönd
 - 2. Stafræn fræðsla

- **Útrás/Gróska Baldur, Laufey, Sigríður,**

- i. Dagskrá Stjórnvísí verði aðgengileg fyrir alla landsbyggðina
- ii. Fjölgun fyrirtækja á landsbyggðinni
- iii. Fjölgun kynninga og fyrirlesara af landsbyggðinni
- iv. Fjölgun erlendra fyrirlesara

